

Nd.

936. Frumvarp til jarðalaga.

[257. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 565 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka til jarða, jarðarluta, afréttarlanda, öræfa og landspildna, svo og til ítaka, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda og hvers konar annarra hlunninda, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Déttbýlissvæði, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna, sem ekki stunda landbúnað, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli landbúnaður skv. lögum þessum eða um starfssvið jarðanefnda að öðru leyti, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

10. gr. hljóðar svo:

Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar, að fenginni umsögn náttúruverndarnefnda.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, skulu þau skipulögð.

Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs.

Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda um frágang rotþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.

13. gr. hljóðar svo:

Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum jarðanefndar og landnámsstjórnar, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur. Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skulu þá skipti gjörð af Landnámi ríkisins að fengnum tillögum jarðanefndar. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

14. gr. hljóðar svo:

Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og landnámsstjórn mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

26. gr. hljóðar svo:

Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda:

1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkyni eða foreldri enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.
2. Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum.

Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

28. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli jarðanefnd með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Sé sótt um jörð til fastrar ábúðar, sem er leigð lausri leigu, er heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar eftir. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.